

Snæfellsbær  
Davíð Viðarsson  
Snæfellsási 2  
360 Snæfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 10. maí 2016

UST201604-125/B.S.

10.04.03

### Efni: Deiliskipulag - Laugabrekka við Hellnar. Umsögn

Vísað er til bréfs Snæfellsbæjar dags. 13. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Umhverfisstofnun telur að við uppbyggingu á Hellnum verði tekið mið af þoli Hellna og aðliggjandi svæða vegna aukinnar viðveru ferðamanna á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að náttúrufegurð er mikil bæði á Hellnum og Arnarstapa og hefur að mati stofnunarinnar ekki verið gerðar þar kröfur til mannvirkjagerðar, sem teljast í samræmi við fallett umhverfi þessara svæða.

Umhverfisstofnun telur að skoða eigi hvort „Menningarmiðstöð“ á Hellnum teljist mannvirki sem prýða mun staðinn til frambúðar og hvort þessi bygging eigi að leggja „línurnar“ um frekari uppbyggingu í næsta nágrenni.

Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort uppbygging af því tagi sem hér um ræðir sómi sér ekki betur í þéttbýli á norðanverðu Snæfellsnesi í stað dreifbýlis á sunnanverðu nesinu.

Virðingarfyllt

*Björn Stefánsson*  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

*Kristín S. Jónsdóttir*  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur